

FUNDARGERÐ

399. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 21. nóvember 2017 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Hrafn Magnússon, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

1. Tillaga Ernu

Samþykkt áður fram komin tillaga frá Ernu um að eldri borgarar bjóði fram krafta sína á leikskólum borgarinnar í þeirri manneklu sem nú ríkir.

2. Hólaberg 84

EBS ræddi kvaðir sem eru á lóðinni / íbúðum í Hólabergi. Eigendur ræddu við formann sem átti fund með þeim þar sem fram kom ósk um breytingar á kvöðum.

Tillaga EBS um að kvöð um verðmat m.v. vísitölu verði breytt og málinu vísað til Reykjavíkurborgar / borgarstjórnar til frekari umfjöllunar.

3. Fundur með Hauki Arnþórssonar

Fundur FEB í dag 21. nóv. kl. 17.00 í Stangarhylnum. Þar mun Haukur fara yfir niðurstöður skýrslu innar sem hann vann fyrir félagið, ræða skýrsluna við Hörpu Njáls og svara fyrriþingnum fundarmanna.

4. Breytingar á lögum LEB

Millipinganevnd á vegum LEB hefur unnið að breytingum á lögum LEB sbr. samþykkt á síðasta Landsfundi. Gunnar Eydal lögmaður og formaður nefndarinnar hefur sent formanni FEB álit nefndarinnar sem nú er til meðferðar. Gunnar verður kallaður til spjalls við formann á næstunni.

5. Tilboð Lilju M. Olsen

Lilja Olsen fyrir hönd KATLA lögmenn sem sinnt hefur störfum fyrir félagsmenn FEB á sérkjörum hefur óskað eftir að gera fastan samning við félagið um viðveru og störf. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri eigi fund með Lilju.

Gísli, Reynir og Hrafn viku af fundi.

6. Umræða um kaup eða leigu á íbúðum á Spáni

Umræða um möguleika á kaupum eða leigu á íbúðum fyrir féлага FEB á Spáni. Nokkur áhugi virðist á slíkum málum. Guðrúnu Árnadóttur og Sigríði Snæbjörnsdóttur falið að skoða málið og ræða m.a. við Sverri Kristinsson fasteignasala.

7. Erindi Hans Guðmundssonar hjá U3FA við stjórn FEB

Samþykkt að bjóða Hans Guðmundssyni á fund stjórnar FEB.

8. Stjórn málin, ríkisstjórnarmyndun, mál eldri borgara

Nokkur umræða um nauðsyn þess að minna á málefni eldri borgara, einkum bygginga hjúkrunarheimila, nú þegar unnið er að myndun nýrrar ríkisstjórnar. Samþykkt að senda stutta ályktun frá stjórnarfundinum inn í stjórnarmyndunarumræðuna í Ráðherrabústaðnum.

9. Önnur mál

Mikil umræða um aðkomu og innlegg LEB og FEB við ríkisstjórnarmyndunina. M.a. var rætt um hugmyndir um sérstakt ráðuneyti fyrir málefni aldraðra, stofnum leigufélags aldraðra og fl. í þeim dúr. Samþykkt að senda ályktunina (úr lið 8) til allra formanna stjórnarálflokka, borgarstjóra og fjölmiðla.

10. Næsti stjórnarfundur

Stefnt að halda næsta stjórnarfund þann 12. des. Til vara rætt um 5. des.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12.00

Samþykkt;